

Heilbrigðisstofnun Austurlands

- stjórnýsla -

Austurvegur 20, 730 Reyðarfjörður, sími 470-1400, bréfs. 470-1409, kt 610199-2839



Nefndasvið Alþingis

Alþingi

Erindi nr. P 133/688

komudagur 20.12.2006

UMSÖGN UM LAGAFRUMVÖRP:

a) **Lög um heilbrigðisþjónustu.** Framkvæmdastjórn Heilbrst. Austurlands fagnar endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu. Mörg nýmæli eru í frumvarpinu og virðast þau flest vera til bóta og í samræmi við þróun og tíðaranda. Þó er ljóst að miklar kröfur verða gerðar til ráðherra og ráðuneytis um skilgreiningar og skipulag verði frumvarpið að lögum. Miklu veldur hvernig farið verður með það vald sem lögin fela ráðherra og þau verk sem löggjafinn ætlar ráðuneytinu þarf að vinna hratt. Nokkrar breytingar hafa orðið frá því uppkasti sem var til skoðunar fyrir tæpu ári og þær flestar til bóta. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir: 20. grein *Ráðgjafanefnd Landspítalans*. Hlutverk þessarar ráðgjafanefndar virðist óljóst því „ráðgjöf“ og „álit“ fer mjög eftir því hvernig ráðið er saman sett og hvert hlutverk því er ætlað. Á rödd neytenda að hljóma, rödd vísinda, Háskólans eða rekstrarhagsmuna? Ef á annað borð er þörf fyrir ráð sem þetta vaknar sú spurning hvort ekki sé sama þörf hjá öðrum heilbrigðisstofnunum? 34. og 35. grein *um stöðunefndir lækna og hjúkrunarfræðinga*. Talið er rétt að sömu reglur gildi um báða þessa faghópa og að samræma beri greinarnar. Í 9. grein *um forstjóra* er ekki vísað til greina 34 og 35 um að afla beri álits stöðunefnda.

X b) **Lög um landlækni.** Framkvæmdastjórn gerir ekki athugasemdir.

Læknaráð hefur skilað inn athugasemdum um frumvörpin og gerir ekki athugasemd við frumvarpið um landlækni en gerir athugasemd við það að í skilgreiningu á *heilsugæsluþjónustu* í 4. grein er ekki kveðið á um vaktþjónustu. Ráðið vísar a.ö.l. til ítarlegrar umsagnar frá febrúar 2006 um drögin þá og fagnar að ýmislegt sem þar var bent á er nú komið inn í textann.

Reyðarfirði 18. desember 2006

Einar Rafn Haraldsson, framkvstj.

Fylgir: Álit læknaráðs Heilbrst. Austurlands.